



Leikskólinn Tröllaborg

-Rýmingar- og viðbragðsáætlun

Þar sem leikskólinn Tröllaborg er staðsettur í tveimur byggðalögum gerum við tvær rýmingaráætlanir aðra fyrir Hóla og hina fyrir Hofsós. Af þessum sökum er ekki gott að setja leikskólastjóra í lykilhlutverk og verður því ábyrgðin aðlega á deildarstjórunum, en að sjálfsgöðu verður leikskólastjóri innan handar ef hann er á staðnum.

Svæðið sem starfsmenn Tröllaborgar á Hofsósi bera ábyrgð á er allt leikskólahúsið að Túngötu 10 Hofsósi.

Rýmingaráætlunin ásamt teikningu af leikskólanum skal vera á sýnilegum stað á deildinni.

Rýmingaráætlun Tröllaborgar á Hofsósi

Fyrstu viðbrögð eru að deildarstjóri/staðgengill hans staðfestir hvort um bruna er að ræða eður ei og tekur í framhaldi af því ákvörðun hvort rýma eigi leikskólann. Ef þörf er á rýmingu hringir deildarstjóri eða staðgengill hans í neyðarlínu 112.

Ef ekki er þörf á að rýmingu skal láta starfsfólk leikskólans vita

Símar: Einn sími er í Barnaborg og er hann á á hillu á ganginum við hliðina á eldhúsdyrnum.

Deildarstjóri athugar hvort slökkva megi eldinn með slökkvitæki. Ekki skal grípa til þess nema starfsmenn viti hvernig eigi að standa að því og aldrei ef líf eða heilsa er í hættu með þeim aðgerðum.

Slökkvitæki er staðsett:

- Í forstofunni



Eldvarnarteppi

- Staðsett í eldhúsi

Brunaslanga: er ekki til staðar

Flóttaleiðir

- Tvær útidyrhurðir eru og ein út á sólpall og eru neyðarljósmerki yfir þeim
- Á ganginum er merki sem vísar á aðalinngang leikskólans

Nafnalistar eru á deildinni þar sem merkt er við komu barnanna í leikskólann. Ef til rýmingar kemur á að taka nafnalistann með út og merkja sérstaklega við hvert og eitt nafn til að ganga úr skugga um að allir sem mættir eru, séu komnir út.

Brunaæfing, hlutverk og ábyrgð starfsmanna

Á hverju hausti er rýmingaráæluin kynnt og starfsmönnum úthlutað ákveðnu hlutverki sem þeir bera ábyrgð á.

- Starfsmaður no 1 sér um ásamt deildarstjóra að koma börnunum út.
- Starfsmaður no. 2 fer út og tekur nafnalistann með sér, merkir svo við þau börn sem út koma.
- Þegar allir eru komnir út fara starfsmenn no. 1 og 2 með börnin yfir á sparkvöllin.
- Þegar deildarstjóri er búinn að tryggja að öll börn séu komin í örugga umsjá annars starfsmanns fer hann og gengur úr skugga um að allir hafi komist út og enginn orðið eftir.
- Ef eldurinn kemur upp á vinnutíma matráðs þá hjálpar hann starfsmanni 2 að halda utan um börnin úti.

Mikilvægt er að halda ró sinni og hafa stjórn á aðstæðum